

Húsnæðismál HRFÍ - Félagsfundur Melabraut 17 - 3. október 2022

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir setti fundinn og lagði til að Guðni B Guðnason (GBG) yrði fundarstjóri og Marianna Gunnarsdóttir (MG) yrði fundarritara og samþykkti fundurinn það.

Fundarstjóri fór yfir efni fundarins, dagskrá fundarins og lögmæti hans. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins 25. september og í Morgunblaðinu 26. september til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt og þar með fundurinn lögmætur.

Anna María Ingvarsdóttir (AMI) og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS) varamenn í stjórn og fulltrúar í húsnæðisnefnd félagsins fóru yfir ferlið sem var farið í eftir að samþykkt var á aðalfundi 2021 að selja Síðumúlann til dagsins í dag (sjá meðfylgjandi).

- Félagsmaður: Bílastæði hafa þau verið hugsuð vegna stærri viðburða? Er talan til ef tekið væri tvískipt lán, verðtryggt og óverðtryggt? Finnst hún sjá leka í sumum hornum.

ISS svaraði: Um 30 bílastæði fyrir neðan hús sem allir mega nota. Fullt af fyrirtækjum í kringum húsnæðið sem vinna 8-16 sem væri hægt að semja við um að fá að leggja þar. Eiganda ber skylda til að gefa upplýsingar um rétt ástand á húsnæðinu og eigendur fullyrtu að þakið væri í lagi og hvergi lekar.

AMI - blandað lán væri ca 500 þús.

- Félagsmaður - er búið að leita tilboða hjá fleiri bönkum hvort þeir bjóði betri kjör? Mikil verðbólga í landinu og verðtryggð lán hækka mjög hratt þessa dagana.

- Félagsmaður - er hægt að fá óháðann aðila til að meta húsnæðið áður en af kaupum verðum. Þurfum væntanlega að kanna brunavarnir og ræða við heilbrigðiseftirlit.

- Félagsmaður - er búið að tala við fyrirtæki varðandi hljóðvist og hvað það kostar ca. - ISS já, búið að tala við eitt fyrirtæki og gert ráð fyrir því inn í þessum 10m sem ráðlagt er að fari í húsið í upphafi.

- Félagsmaður - 50 ára gamalt hús, mikið viðhald sem þarf að utan. Athuga með bráðabirgða stoðir sem voru settar þegar frystiklefi var fjarlægður.

- Félagsmaður - hvar í forgangsröð er að breyta gólfinu og hvað á að vera á gólfinu. - ISS byrjum á að nota teppi og möguleiki á gólfi eins og er úti hjá breska kennel klúbbum. Verður ekki hægt að gera allt strax og þarf að forgangsráða.

- Félagsmaður - Benti á að ýmsir leikskólar eru með slík efni hjá sér á útisvæðum.

- Félagsmaður - ef teppi verður sett yfir steypuna þá setja höggdeyfandi efni undir. Er mjög vont fyrir bæði menn og dýr að hlaupa á steypu.

- Félagsmaður - hvað haldið þið að kosti að breyta þessu húsnæði? - hvað kostar að flytja úr Síðumúla? - verður starfsmaður á launum sem sér um þrif á húsnæðinu og er á vakt á kvöldin? ISS - sekta stakk upp á að fyrir lélega umgengni, skrifstofan verður lokuð af og læst, húsnæðið verður leigt til einstaklinga og deilda á þeirra ábyrgð. Verðum að geta treyst okkar fólki. Hafa þrifgjald. Vitum ekki nákvæmlega raunverulegan kostnað, ætlum að sníða okkur stakk eftir vexti m.a. hvað við fáum mikið af félagsmönnum til að hjálpa.

- Félagsmaður - fer Sólheimakot út - DÖH sjáum það ekki fyrir okkur.

- Félagsmaður - mjög jákvæð fyrir þessu og góð innspýting til að fá Hafnarfjarðarbæ meira í lið með okkur og fagnar því ef við flytjum hingað.

- Félagsmaður- hvað er framhaldið með fjármögnun ef fundurinn samþykkir. - ISS finnst vera stjórnar að finna réttustu fjármögnunina, erum komin með jákvætt svar frá okkar viðskiptabanka.

- Félagsmaður - höfum lent í því að borga aukalega því félagið stóð ekki undir láninu, þá var stjórn treyst og þess vegna kannski sem fólk er með áhyggjur.

- Félagsmaður - hvernig stendur rekstur félagsins. Stendur félagið undir rekstri skrifstofunnar í dag. - MG - já, félagið var rekið með 10m króna hagnaði fyrstu 6 mánuði ársins.

- Félagsmaður - finnst þetta spennandi en húsið slær sig að það sé í slæmu ástandi. Þarf að fara í viðgerðir utanhúss.

- GBG - liggur fyrir tillaga um að fundurinn samþykki þetta og þarf að kjósa um það.

- Félagsmaður - ef við samþykkjum eitthvað annað en það tilboð sem við gerðum þá er það nýtt tilboð og það gamla er út af borðinu.

- Félagsmaður - hægt að ræða í samningum ef eitthvað kemur

GBG fundarstjóri - atkvæðagreiðsla verður skrifleg og einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu kosningar samkvæmt reglum félagsins.

Herdís Hallmarsdóttir, Magnea Friðriksdóttir og Kristjana Bergsveinsdóttir tóku að sér að vera í talninganefnd og fóru atkvæði eftirfarandi: Já: 45 - Nei: 7 - Auðir og ógildir: 4

Því er niðurstaða fundarins að kauptilboð það er stjórn gerði í fasteignina var samþykkt og stjórn falið að ganga til samninga.

Fundi slitið kl 21:00